

Mánudaginn 7. mars 1994.

Nr. 98/1994.

**Fiatagri Danmark A/S**

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

**Búnaðarbanka Íslands**

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Kærumál. Samlagsaðild. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 17. febrúar 1994, sem barst réttinum 1. mars sl. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg, að kröfur hans á hendur varnaraðila fái efnismeðferð í héraði ásamt kröfum hans á hendur meðstefnda, Samskipum hf. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Meðstefndi í héraði, Samskip hf., hefur sent Hæstarétti greinargerð.

Eins og rakið er í hinum kærða úrskurði, afhentu Samskip hf. Vélakaupum hf. hjólagröfu frá sóknaraðila án þess að öðru væri framvísað en ljósriti farmskírteinis með áritun varnaraðila: „Má afgreiða“. Í málinu er deilt um ábyrgð varnaraðila og meðstefnda á þessari afgreiðslu. Dómkröfur sóknaraðila á hendur beggja stefndu í héraði eiga rætur að rekja til þessa atviks, og honum var heimilt að nýta sér réttarfarshagræði 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi að öðru leyti en varðar meðstefnda, Samskip hf., og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað vegna þessa þáttar málsins í héraði bíði efnisdóms, en varnaraðili greiði sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir. Er þá höfð hliðsjón af kröfugerð varnaraðila í héraði.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi að öðru leyti en varðar Samskip hf., og lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar.

Varnaraðili, Búnaðarbanki Íslands, greiði sóknaraðila, Fiatagri Danmark A/S, 120.000 krónur í kærumálskostnað.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1994.**

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 9. þ.m. um frávísunarkröfur stefndu, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ólafi Axelssyni hrl. f.h. Fiatagri Danmark A/S, Borgmester Christiansens Gade 58, DK-2450, Kaupmannahöfn SV, Danmörku, til heimtu skaðabóta á hendur Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169–1219, Austurstræti 5, Reykjavík, og Samskipum hf., kt. 440986–1539, Holtabakka við Holtaveg í Reykjavík, með stefnu, birtri 12. október 1993.

Dómkröfur stefnanda eru „að báðum stefndu verði gert in solidum að greiða stefnanda DKK (danskar krónur) 791.680,00 með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda Búnaðarbanka Íslands eru eftirgreindar:

„*Aðallega* að máli þessu skuli vísað frá dómi hvað varðar stefnda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað [...]. *Til vara* að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað [...].“

Dómkröfur stefnda Samskípa hf. eru:

„*Aðallega* að málinu verði vísað frá dómi að því er meðstefnda varðar og stefnanda verði gert að greiða meðstefnda málskostnað að mati réttarins. – *Til vara*, að meðstefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða meðstefnda hæfilegan málskostnað. – *Til þrautavara*, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.“

— — —

## V.

Í fyrsta tölulið 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 segir: „Fleiri en einum er heimilt að sækja mál í félagi ef dómkröfur þeirra eiga rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings. Með sömu skilyrðum má sækja fleiri en einn í sama máli. Ella skal vísa máli frá dómi að kröfu varnaraðila að því er hann varðar.“ Í öðrum tölulið 19. gr. segir hins vegar: „Sækja má fleiri en einn í sama máli með þeim hætti að kröfum sé aðallega

beint að einum þeirra en að öðrum til vara ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt. Ella skal vísa frá dómi kröfum á hendur þeim sem eru sóttir til vara ef þeir krefjast þess.“

Af hálfu stefnda Búnaðarbanka Íslands er því andmælt, að bankinn hafi átt hlut að máli eða beinlínis valdið því, að starfsmenn stefnda Samskipa hf. afhentu umrædda kröfu ásamt fylgihlutum, án þess að framvísað væri frumriti farmskírteinis, eins og haldið er fram af hálfu Samskipa hf. Í stefnu segir á einum stað (2. bl.): „Báðir stefndu hafa ekki fengist til að gera viðhlítandi grein fyrir sínum þætti í máli þessu og vísa hvor á annan sem sökudólg.“ Ekki eru því skilyrði til að sækja Búnaðarbanka Íslands og Samskip hf. í félagi skv. 1. tl. 19. gr. laga nr. 91/1991 til ábyrgðar á þeim mistökum sem áttu sér stað þó að dómkröfur megi rekja til sama atviks.

Samkvæmt framangreindu ber því að taka kröfu stefnda Búnaðarbanka Íslands um, að málinu verði vísað frá dómi hvað hann varðar, til greina. Á hinn bóginn þykja ekki efni til að taka kröfu stefnda Samskipa hf. í sömu veru til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefnandi, Fiatagri Danmark A/S, greiði stefnda Búnaðarbanka Íslands málskostnað, sem hæfilegur þykir 50.000 krónur og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ákvörðun um málskostnað milli stefnda Samskipa hf. og stefnanda, Fiatagri Danmark A/S, bíður efnisdóms.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa stefnda Búnaðarbanka Íslands um að máli þessu skuli vísað frá dómi hvað hann varðar, er tekin til greina.

Krafa stefnda Samskipa hf., að málinu verði vísað frá dómi, er ekki tekin til greina.

Stefnandi, Fiatagri Danmark A/S, greiði stefnda Búnaðarbanka Íslands 50.000 krónur í málskostnað.